


REYKJAVÍKURBORG

# Atvinnuleitendur með fjárhagsaðstoð: Þróun og viðbrögð

## Fundur Velferðarvaktar 27. nóvember 2012

Ellý Alda Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri
Velferðarsvið Reykjavíkur

# Atvinnuleysi í Reykjavík




5,7% Reykjavík í október
5,2% landið í heild í október

# … með þeim sem eru atvinnulausir án bótaréttar og fá framfærslustyrk




6,4% í Reykjavík í október

Ólík staða eftir hverfum

# Atvinnuleysi/fjárhagsaðstoð



# Fjárhagsaðstoð:
## Þróun frá 2001




ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG

# Töluverð hreyfing innan hóps

| | Árið 2009 | Árið 2010 | Árið 2011 | Jan-júní árið 2012 |
|---|---|---|---|---|
| **Árið 2009** | 2.489 | 1.432 | 1.164 | 861 |
| **Árið 2010** | 1.432 | 2.924 | 1.750 | 1.181 |
| **Árið 2011** | 1.164 | 1.750 | 3.285 | 1.721 |
| **Jan-júní árið 2012** | 861 | 1.181 | 1.721 | 2.535 |

Gulu reitirnir sýna fjöldann á viðkomandi ári.

Árið 2009 fengu 2.489 fjárhagsaðstoð til framfærslu og af þeim fengu 1.432 líka fjárhagsaðstoð til framfærslu árið 2010
og 1.164 árið 2011. Það sem af er 2012(jan-jún) hafa 861 af þessum 2.489 fengið aðstoð.

Árið 2010 fengu 2.924 fjárhagsaðstoð til framfærslu. Af þeim voru 1.432 sem fengu framfærslu árið 2009
og 1.750 sem fengu aðstoð 2011. Það sem af er 2012 hafa 1.181 af þessum 2.924 fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu

Árið 2011 fengu 3.285 fjárhagsaðstoð til framfærslu. 1.164 af þeim fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu árið 2009
Og 1.750 árið 2010. Það sem af er árið 2012 hafa 1.721 fengið framfærslu.

# Fjárhagsaðstoð jan.-sept. árin 2009-2012
## Fjöldi notenda eftir þjónustumiðstöðvum




ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG
REYKJAVÍKURBORG

# Fjárhagsaðstoð jan. sept. árin 2009-2012

# Fjöldi notanda eftir atvinnustöðu




ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG

# Fjárhagsaðstoð jan.-sept. árin 2009-2012

## Fjöldi notenda eftir aldri




ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG

# Fjárhagsaðstoð – aukning í heildarupphæð



# Ráðist í aðgerðir

- 8. október 2008 var samþykkt aðgerðaáætlun Velferðarsviðs sem m.a. kvað á um stofnun Aðgerðateymis
- Aðgerðarteymi hefur fylgst með þróun mála, þmt. vegna fjárhagsaðstoðar og atvinnuleysis
  - Regluleg minnisblöð til velferðarráðs
  - Tillögur um að ráðist verði í aðgerðir byggt á þróun
- Aðgerðir Reykjavikurborgar eru fyrir atvinnuleitendur sem ekki eiga bótarétt hjá Vinnumálastofnun og fá fjárhagsaðstoð hjá borginni.

ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG

# Aðgerðir á vegum Reykjavíkurborgar

- Virkniráðgjafar:
  - Hlutverk er að bjóða upp á viðtöl fyrir atvinnuleitendur sem fá fjárhagsaðstoð, hafa sýn yfir úrræði og stuðning sem bjóðast atvinnulausum, koma á virku samstarfi innan þjónustusvæðis þannig að til staðar verði verkefni sem nýtast til virkni ásamt því að taka þátt í að þróa úrræði. Frá 2010
- Virkni til velferðar:
  - Reglubundin kynningarnámskeið, *Virkni til velferðar.* Farið er yfir réttindi og skyldur, góð ráð í atvinnuleit, gerð ferilskrár og úrræði sem í boði eru. Frá mars 2010.
- Virknibrú:
  - Þriggja vikna námskeið fyrir ungt fólk haldin ársfjórðungslega. Markmiðið er að rjúfa einangrun og hvetja til þátttöku í þeim úrræðum sem til boða standa.
- Virknisjóður og námskeið:
  - Var settur á laggirnar til að styrkja verkefni sem hvetja til virkni fólks með framfærslu. Úthlutað hefur verið reglubundið úr sjóðnum síðan vorið 2010. Ýmis námskeið hafa verið haldin á vegum Virknisjóðs
- Námsaðstoð:
  - Breytingar voru gerðar á reglum um fjárhagsaðstoð í ársbyrjun 2011 sem fólu í sér auknar heimildir til að koma til móts við ungt fólk í námi
- Matstæki:
  - Innleiðing matstækisins „Eigið mat á starfsgetu“ eða EMS fór af stað í febrúar 2012.

# Aðgerðir á vegum Reykjavíkurborgar - frh

- Samstarfs- og samvinnuverkefni:
  - Með fyrirtækjum í Árbæ/Grafarholti: Sérstakt átaksverkefni 2010-2011 hjá Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts sem miðaði að því að kynna ungmenni fyrir atvinnulífinu með starfsþjálfun hjá fyrirtækjum í hverfunum.
  - Samstarfsamningur við VMST frá desember 2010 um nýtingu námskeiða
  - Verið er að leita leiða til að auka samvinnu við VIRK starfsendurhæfingu vegna notenda með fjárhagsaðstoð.
- Atvinnutorg
  - Samstarfsverkefni Velferðarsviðs, Vinnumálastofnunar og velferðarráðuneytis opnaði þann 17. febrúar 2012 og þjónustar unga atvinnuleitendur í Reykjavík.
- Atvinnumáladeild
  - Borgarráð samþykkti nýverið að setja á fót atvinnumáladeild sem heyrir beint undir borgarritara. Þar verða vistuð úrræði borgarinnar f. atvinnuleitendur. Markmiðið er að efla þjónustu við þá íbúa Reykjavíkur sem eru í atvinnuleit.

ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG

# Aðgerðir á vegum Reykjavíkurborgar – frh
# Rannsóknir - úttektir

Gerðar hafa verið 3 rannsóknir meðal notenda fjárhagsaðstoðar í Reykjavík á sl. árum með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Vísbendingar gefa til kynna að hópurinn sé verr staddur hvað varðar líðan, starfsgetu og félagslegar aðstæður en atvinnuleitendur hjá Vinnumálastofnun.

- 2010: Skoðaður hópur ungs fólk sem fékk fjárhagsaðstoð í formi námsstyrks
- 2010: Rannsókn á líðan og þjónustuþörf sjúkraskrifaðra einstaklinga með fjárhagsaðstoð til framfærslu
- 2011: Rannsókn á líðan og högum atvinnuleitenda sem höfðu fengið fjárhagsaðstoð í 3 mánuði eða lengur
- 2012: Verið er að ljúka rannsókn á líðan fólks með skerta starfsgetu sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu

# Önnur verkefni

- Kvennasmiðja og Karlasmiðja:
  - Átaksverkefni á Velferðarsviði fyrir fólk sem hefur verið fjárhagsaðstoð til lengri tíma.
- Grettistak
  - Átaksverkefni fyrir fólk sem á við áfengis- og vímuefnavanda að stríða

# Dæmi um árangur

**Atvinnutorg**

- **175** hafa fengið þjónustu frá því í febrúar 2012.
- **70** eru komnir í störf á almennum vinnumarkaði eftir daglega mætingu eða í kjölfar vinnureynslu á Atvinnutorgi.
- **7** þeirra hafa komið til baka.
- **43%** þeirra sem komnir eru af fjárhagsaðstoð/bótum höfðu verið atvinnulausir í 12 mánuði eða lengur.

**Virkninámskeið**

| Fjöldi einstaklinga sem mætti á virkninámskeið 2011 | | | |
|---|---|---|---|
| | **Mættu** | **KK mættu** | **KVK mættu** |
| Virkni til velferðar | 316 | 225 | 91 |
| Virknibrú | 44 | 29 | 15 |
| Virknisjóður | 132 | 99 | 33 |
| VMST | 14 | 10 | 4 |

# Aukin áhersla á nám sést í tölum



# Hvað gerum við á næsta ári?

- Áframhaldandi stuðningur við notendur með fjárhagsaðstoð
  - Sérstök áhersla á sjúklinga
- Þróun í framkvæmd fjárhagsaðstoðar
- Aðgengi að upplýsingum um réttindi og skyldur fjárhagsaðstoðar
- Uppbygging atvinnumáladeildar
  - Samstarf við Vinnumálastofnun
  - Stækkun Atvinnutorgs

ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG
REYKJAVÍKURBORG